

## Sigurður Örlygsson, sýnir á Kjarvalsstöðum

JG RVK Sigurður Örlygsson, listmálari opnar um helgina málverkasýningu að Kjarvalsstöðum, en Sigurður sýndi seinast í Galleri Solon Islandus fyrir rúmu ári.

Á sýningu Sigurðar eru 43 myndir, flestar málaðar með olíu og acryl litum, en collage myndir eru málaðar með gvassi.

Að sögn málarans hefur hann nú farið inn á nýjar brautir, að vinna collagemyndir upp í olíulitum, og eykst þá varðveizlugildið til muna.

Myndir Sigurðar eru málaðar á þessu og síðasta ári.



## Hörður Karlsson sýnir að Kjarvalsstöðum

JG RVK Á laugardag opnar Hörður Karlsson sýningu á myndum að Kjarvalsstöðum, en Hörður hefur starfað lengi í Bandaríkjunum á vegum alþjóða gjaldeyrissjóðsins, þar sem hann er yfirmaður sérstakrar deildar.

Nánar verður sagt frá þessari sýningu í blaðinu síðar.

### Bandalag kvenna í Reykjavík

## Kirkjumálaráðherra skipi sérstakan sjúkrahúsprest

Aðalfundur Bandalags kvenna í Reykjavík 26.-27. febrúar sl. gerði ýmsar ályktanir í kirkjumálum. Var m.a. ítrekuð tillaga frá síðasta aðalfundi, þar sem minnzt er á nauðsyn þess að bæta til muna aðstöðu við kirkju- og safnaðarheimilisbyggingar. Er í tillögunni mælzt til þess, að söfnuðir, ríki og sveitarfélög sameinist að jöfnu um framlag til kirkjubygginga. Jafnframt benti fundurinn á nauðsyn þess, að komið verði á raunhæfri lánastofnun til áðurnefndra bygginga.

Aðalfundurinn beindi þeim tilmælum til forráðamanna sjúkrahússtofnana og elliheimila, að komið verði fyrir lítilli kapellu í þessum sjúkrastofnunum, þar sem unnt er að njóta friðar og bænastunda. Þá beindi fundurinn því til kirkjumálaráðherra, að hann hlutist til um, að skipaður verði sérstakur sjúkrahúsprestur.

Einnig segir í ályktunum um kirkjumál, að fræðsluyfirvöld hlutist til um að koma á föstum kirkjuheimsóknum fyrir alla bekki grunnskólans a.m.k. einu sinni á vetri. Prestar séu hempuklæddir við barnaguðsþjónustur og í þeim söfnuðum, sem enn hafi ekki kirkjur, skuli farið með börn til guðsþjónustu í kirkju einu sinni til tvisvar á ári.

**Til sölu**
90 ær, 6 hross, 3 tamin.
2 dráttarvélar, heyvinnuvélar, fjárbaðker úr járni, mykjusnigill og Alfa Laval mjaltavélar.
Andrés Magnússon,
Sámsstöðum, Fljótshlíð.

### Barnakór Tónlistarskóla Rangæinga:

# Söngför til Osló

Barnakór Tónlistarskóla Rangæinga hyggur á söngför til Oslóar dagana 17.-26. maí í boði tveggja aðila.

Annar þessara tveggja aðila er Tónlistarskóli Ragni Holter, Strömmen og mun kórinn koma m.a. fram á lokatónleikum skóla hennar 21. maí. Hinn aðilinn er St. Laurentius koret og stjórnandi hans Kjell W. Christiansen Lörenskog. Hefur tónlistarskólakór Rangæinga verið boðið að syngja með St. Laurentiuskórnum og í skólum meðal annars. St. Laurentiuskórinn mun svo heimsækja Tónlistarskóla Rangæinga sumarið 1979.

Tveir aðilar styrkja ferð kórsins: Menntamálaráðuneytið veitti 100 þúsund kr. og Kiwanisklúbburinn Dimon í Rangárvallasýslu gaf kórnum 100 þús. kr. til fararinnar.

Merki á kórbúning teiknaði Jón Kristinsson, Lambey, og gaf það kórnum. Tónlistarskóli Rangæinga þakkar öllum, sem hafa stutt kórinn til fararinnar. Í förinni verða 16 manns. Stjórnandi kórsins er Sigríður Sigurðardóttir, undirleikari er Friðrik G. Þórleifsson og fararstjóri er Margrét Tryggvadóttir.

Rótaryklúbbur Rangæinga hefur veitt kórnum fjárstyrk til að létta undir ferðakostnað.



Merki á kórbúningum Barnakórs Tónlistarskóla Rangæinga, sem Jón Kristinsson hefur teiknað. Meiningin er að það verði síðar merki tónlistarskólans.

## Fermingar um hvítasunnu

Ferming í Hallgrímskirkju í Saurbæ á hvítasunnudag kl. 14.
Prestur: Séra Jón Einarsson, Saurbæ.

Fermd verða:

Eva Magnúsdóttir
Efra-Skarði
Jóhanna Sigríður Vilhjálmsd.
Kambshóli

Auðun Sólberg Valsson, Vesturgötu 111 b., Akranesi.

**Ferming í Strandarkirkju á hvítasunnudag kl. 11.**

Anna María Benedikta Rikhardsdóttir
Reykjabraut 4 Þorl.h.
Auður Jónsdóttir
Selvogsbraut 27
Emma Kristín Guðnadóttir
Klébergi 16
Guðrún Hafdís Guðmundsdóttir
Selvogsbraut 37
Gunnur Bergdís Hafsteinsdóttir
Knarrarbergi 7
Magnús Þ. Haraldsson
Reykjabraut 13
Margrét Júlídóttir
Hjallabraut 4
Ragnheiður Bjarney Hannesdóttir
Hafnarbergi 10
Sigurbergur Brynjólfsson
Heinabergi 9
Þorbergur Böðvar Ásgrímsson
Klébergi 11
Þorsteinn Gestsson
Hjallabraut 6

**Ferming í Strandarkirkju á hvítasunnudag kl. 1,30.**

Ármann Einarsson
Skálholtsbraut 5
Bergþóra Gísladóttir
Eyjahrauni 23 Þorlákshöfn
Elínborg Ólöf Kristinsdóttir
Eyjahrauni 12
Gísli Rúnar Magnússon
Knarrarbergi 6
Guðmundur Jóhann Emilsson
Litlalandi Ölfusi
Hafdís Sigurðardóttir
Haukabergi 4
Ingibjörg Ársælsdóttir
Skálholtsbraut 1
Ingibjörg Einarsdóttir
Eyjahrauni 42
Jenný Dagbjört Ævarr Erlingsdóttir
Klébergi 5
Stefán Sigurður Guðmundsson
Götu Selvogi.

Ávallt fyrstur á morgnana
Tíminn

KAY-AM
alullarteppi
Handofin frá Trientsin -
Forkunnar fögur
BYGGIR H/F
Grensásvegi 12



Legsteinar
S. HELGASON HF
STEINSMIÐJA
Skemmuvegi 48 - Kópavogi - Sími 76677 - Pósthólf 195



WIPAC MAXI-CHARGER
4 AMP.
hleðslutækin
er þægilegt að hafa í bílskúrnum eða verkfærageymslunni til viðhalds rafgeyminum. — Wipac hleðslutækin eru prófuð og viðurkennd af Rafmagnseftirliti ríkisins.
Helstu varahlutir jafnan fyrirliggjandi.
SMYRILL
ÁRMÚLA 7 — SÍMI 84450

Einlit - afarvönduð - ensk
alullarteppi
BYGGIR H/F
Grensásvegi 12